

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1717  
komudagur 9.4. 2002

## Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til að setja siðareglur í stjórnsýslunni

8. apríl 2002


Undirritaður var beðinn um það af Siðfræðistofnun að semja umsögn um ofangreinda þingsályktun.

Mælt er með því að þingsályktunin verði samþykkt.

Megintilgangur skráðra siðareglna starfsstétta er að gera starfsfólki auðveldara að rækja þær skyldur sem starfinu fylgja. Siðareglurnar segja ekki einungis til um hvað er heimilt og hvað óheimilt í starfi heldur halda þær á loft hugsjón starfsins. Þær skilgreina með öðrum orðum ekki aðeins það „lágmark“ sem hver starfsmaður þarf að uppfylla heldur vísa þær einnig til þeirra eiginleika sem gera hann að góðum starfsmanni. Þannig minna siðareglur á þá staðreynd að störf sem unnin eru í þágu almennings eða tiltekinna hópa fela ætíð í sér áskorun til starfsmannsins um að ná sífellt meiri fullkomnun í starfi, fullkomnun sem ef til vill verður aldrei náð að fullu. Góðar siðareglur í stjórnsýslunni eiga því ekki einungis að gera þeim erfiðara um vik sem hugsanlega vill víkja til hliðar góðum stjórnsýsluháttum heldur ekki siður að aðstoða allan þorra starfsmanna sem vill bæta sig í starfi.

Siðareglur eru hluti af því sem nú er farið að kalla „ethics infrastructure“ á ensku, eða siðferðilega innviði í opinberu lífi (sjá meðal annars leiðbeiningar OECD um siðferði í opinberri stjórnsýslu). Er þar átt við þær leiðir, skipulag og skilyrði í stjórnkerfinu og samfélaginu almennt sem hvetja til fagmennsku og góðra vinnubragða í stjórnsýslu og stjórnámálum. Auk siðareglna eru siðferðilegir innviðir fólgnir í þáttum eins og pólitískri skuldbindingu forystuafla um að láta ekki siðlaust athæfi óátalið, skilvirkt lagaumhverfi, stofnanaumhverfi (til dæmis eftirlitsstofnanir og -nefndir og ráðgefandi embættismenn og nefndir) og virkt lýðræðislegt samfélag. Skráning siðareglna fyrir íslenska stjórnsýslu ætti því að vera liður í almennri viðleitni til gera hana skilvirkari og betri. Í því sambandi er til dæmis mikilvægt að huga að fræðslu og ráðgjöf innan stjórnkerfisins í öllu er varðar góða stjórnsýslu. Einnig er mikilvægt að huga að leiðum til að auka ábyrgð starfsfólks og leiða spillingarmál og brot á reglum til lykta á fullnægjandi hátt.

Virðingarfyllst,

  
Jón A. Kalnansson